

frekari skýrslur til upplýsingar máli þessu svo fljótt sem unnt er.

Nr. 16/1893:

Eigendur Hofs í Örfum
gegn

Ólafi presti Magnússyni fyrir
hönd Sandfellskirkju.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem í hjerði var rekið sem landamerkmál, var kveðinn upp landamerkjadómur Skaptafellssýslu hinn 21. apríl 1892. Dómi þessum hafa eigendur Hofs í Örfum skotið til yfirdómsins með stefnu, útfinni 21. apríl 1893. Eins og hinir stefndu hafa tekið fram, verður þannig að álíta, að áfrýjunarfrestur hafi verið útrunninn samkvæmt landamerkjalogum 17. marz 1882, 12. gr., sbr. kgsbrjef 19. desbr. 1749, þegar áfrýjunarstefna var tekin út, og verður því að frávísa sökinni. Eptir þessum úrslitum málsins virðist rjett að áfrýjendurnir greiði hinum stefnda upp í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr. og er þar í fólgð málsfærslukaup til hins skipaða verjanda, Páls Einarssonar, 12 krónur. Í hjerði, þar er báðir málspartar höfðu fengið gjafsókn, hefur málsfærslan verið vítalaus, og fyrir yfirdómi, þar er hinn stefndi hafði gjafvörn, hefur málið verið forsvaranlega varið af hans hendi.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Upp í málskostnað greiði áfrýjendurnir hinum stefnda þrjátíu

—30—krónur, og eru þar í fölgna 12—tólf—krónur sem málsfærslukaup til hins skipaða talsmanns hans, sýslumanns Páls Einarssonar, og ber að greiða málskostnaðinn innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.